

USKrad

Frá: Pawel Bartoszek
Sent: miðvikudagur, 26. október 2022 09:15
Til: USKrad
Efni: Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um Spöngina

Flokkar: Tillaga með greinargerð; Komið í fundargerð; Fyrirspurn/tillaga

Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um Spöngina

Umhverfis- og skipulagsráð felur umhverfis- og skipulagssviði, að hefja samtal við eigendur við Spöngina í Grafarvogi um framtíðarþróun svæðisins.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar er boðað að hugað verði sérstaklega að lykilsvæðum innan hverfanna og unnið verði að hugsanlegri andlitslyftingu á Spönginni. Margir spennandi möguleikar eru á frekari uppbyggingu á svæðinu með tilheyrandi fjölbreyttari þjónustu og mögulegri fjölgun í búðum. Spöngin er í einkaeigu en fyrirspurnir um hugsanlegar viðbyggingar við einstaka hús hafa verið að berast til embættis skipulagsfulltrúa. Eðlilegt er að skoða málið heilstætt og því er umhverfis- og skipulagssviði, í samráði við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, falið að kanna áhuga á slíkri vinnu. Ef sameiginlegur áhugi er fyrir hendi gæti næsta skref verið að vinna skipulagslýsingu eða tengja vinnuna við fyrirhugaða gerð hverfisskipulags fyrir Grafarvog.

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.